

## Þriggja hundruða ráðið, huliðshöndin og lögmæta mafían

Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) fer hvergi í launkofa með þá áætlun sína að skipa íbúum veraldar undir eina stjórn. Ráðið nýtur meira að segja fulltingis G7 ríkjanna til þess arna og hefur innan sinna vébanda fjölda stjórnámálanna, annarra áhrifamanna, auðhringa, stofnana og samtaka. Meðal þeirra eru Sameinuðu þjóðirnar. Samstarfið miðast við svokölluð sjálfbærnimarkmið (sustainable goals). (Íslenski Seðlabankinn hefur nýlega ráðið sérfræðing í þessum markmiðum.)

En hugmyndin er hvergi nærri ný af nálinni. Ættarhöfðingi Rauðskjöldunganna (Rothschild), Meyer Amschel Rothschild (1744-1812), og þýski heimspekingurinn og lögfræðingurinn, Johann Adam Weishaupt (1748-1830), stofnuðu leynifélagsskapinn, Ljósálfana (Illuminati), árið 1776 í þýska ríkinu, Bavaríu. Jóhann Adam, sem sjálfur var frímúrari, notaði leyndarreglur stúlkunnar sem fyrirmynd að starfi hins nýja félagsskapar. Þetta var á öld upplýsingar, hugljómunar og vísinda (enlightenment).

Sumum frímúrurum þótt nóg um yfirgang Jóhanns Adams og Ljósálfanna. Skoski frímúrarinn, stærð- og eðlisfræðingurinn, John Robison (1739-1895), færði í letur doðrant mikinn; „Sönnur færðar á samsæri gegn öllum trúarbrögðum og ríkisstjórnnum Evrópu eins og það birtist á leynilegum fundum Frímúrara, Ljósálfa og menntafélag“ (Proofs of a Conspiracy against all the Religions and Governments of Europe, carried on in the secret meetings of Freemasons, Illuminati and Reading Societies).

Einn heimildamanna hans var þýski frímúrarinn, lögfræðingurinn og rithöfundurinn, fríherra Adolph Franz Friedrich Ludwig Knigge (1752-1796). Honum leist ekki á blikuna, þegar undirróðursstarfsemi Ljósálfanna komst á skrið. Það komst reyndar upp um undirróðurinn, sem gerði það að verkum, að yfirvöld í Bavaríu bönnuðu starfsemi Ljósálfanna.

Ljósálfunum tókst ekki að bylta stjórn Bavaríu. En betur tókst til í Frakklandi. Samkvæmt franska guðfræðingnum og Jesúítanum (regla Jesúíta var eins konar bankaher páfastóls), Augustin Baruel (1741-1820), voru Ljósálfarnir og byltingarhreyfingin, kennd við klaustur Jakobanna (franskrar munkareglu), bendluð við málið. Hann skrifaði bókina, „Lýsandi minningar um sögu Jakobanna“ (Mémoires pour servir à l'histoire de Jacobinisme). Þær urðu John Robison innblástur. Frímúrar kunnu því illa að vera bendlaðir við voðaverk og mótmæltu hástöfum.

Augustin þótti sýnt, að Ljósálfar og Jakobar hygðust ekki láta staðar numið við að steypa stjórn Loðvíks XVI (1754-1793) af stóli og sneiða af honum höfuðið, heldur stæði hugur þeirra til að kollvarpa kristinni menningu.

Slíkar hugmyndir og fyrirætlanir endurspeglast í ritinu, „Leiðarvísir hinna lærðu öldunga frá Zion“ (The Protocols of the Learned Elders of Zion). Það er í senn leiðarvísir og áætlun um yfirstjórn Gyðinga á veröldinni. Höfundur verksins er rússneski fræðimaðurinn, Sergyei Nilus (1862-1929). Ritið kom út í Rússlandi árið 1905 og náði útbreiðslu á þriðja áratugi síðustu aldar. Gagnrýnendur segja það svikið, áróður rússneska keisarans gegn fólki, gyðingtrúar. Það var reyndar bannað í Rússlandi.

Um svipað leyti og Sergyei Nilus gaf út ofanefnt rit, kvaddi Arthur Cherep-Spiridovich (1866-1926), foringi í rússneska hernum, sér hljóðs. Hann reit nokkrar bækur um undirróður og niðurrifsstafsemi í Evrópu, einkum með hliðsjón af ástandinu í Rússlandi.

Árið 1921 sendi Arthur frá sér bókina, „Látum oss koma í veg fyrir aðra heimstyrjöldina, sem þegar er undirbúin“ (Let Us Prevent the Second World War Already Prepared). Og fimm árum síðar kom fyrir almennings sjónir „Hin leynilega alheimsstjórn eða huliðshöndin. Hundrað leyndardómar heimssögunnar útskýrðir“ (The Secret World Government, or, "The Hidden Hand" - The Unrevealed in History-100 Historical "Mysteries" Explained). Seinna verkið var þýtt á sænsku og rúmensku – alla vega.

Höfundur liggur einkum á hjarta endurteknar atlögur að rússnesku keisarafjölskyldunni, aðlinum og embættismönnum – og eyðilegging kristinnar menningar. Fjöldi manna var myrtur, þ.á.m. keisarinn Nicholas II (1868-1918) og öll fjölskylda hans.

Þar var að verki hin tryllta morðsveit úr byltingarflokknum, bolsévikkar, undir forystu Vladimir Lenin (1870-1924). Arthur taldi, að stuðningur Alexander II (1818-1881) við Abraham Lincoln (1809-1865) og Norðurríkin í bandarísku borgarastyrjöldinni - sem kynni að hafa ráðið úrslitum um sigur þeirra - hafi æst fjendur hans til ódæða. Báðir voru þeir myrtir. Þess má geta, að Abraham barðist gegn ásælni bankavaldsins og lét m.a. gefa út eigin mynt Bandaríkjanna, grænbakinn (green back).

Forystumenn morðóðra byltingarmanna voru umvörpum úr hópi þeirra, sem Arthur kallar „Mongólgyðinga.“ Vafalaust á hann við fólk af þjóð Kasara, sem lotið hafði í

lægra haldi fyrir norrænum konungum Hólmgarðs- og Kænugarðsríkis. Þjóðin sú tileinkaði sér gyðingdóm. (Hún átti ekki erfðir að rekja til hinna fornu Ísraela, nema hugsanlega að óverulegu leyti.)

Arthur var sannspár. Hann sá fyrstu heimstýrjöldina í kortunum. Hann varaði við næstu heimstýrjöld með skírskotun til sömu afla og fyrri höfundar hafa gert. Arthur verður tíðrætt um auðdrottanafjölskyldu Rauðskjöldunga í þessu sambandi.

Arthur segist vilja fletta hulunni af „stjórnarárum Alphonse Rothschild IV [1827-1905] og Edouard Rothschild V [1868-1949], hinna raunverulegu alræðisserra og veraldarmorðingja. Stríð, uppreisnir og morð (á Alexander II, Alexander III, Nicholas II og mörgum til viðbótar) eru öll framin af hinni leynilegu alheimsstjórn – huliðshöndinni.“ Arthur segir tímabilið frá 1770 til 1868 fyrsta óstjórnarskeið Rauðskjöldunga á veröldinni. Bandaríska lögreglan taldi Arthur hafa framið sjálfsvíg.

Fleiri hafa reynt að varpa ljósi á leyndardómsfulla sögu Evrópu, síðustu þrjár aldirnar. T.d. skrifaði bandaríski sagnfræðingurinn, Carroll Quigley (1910-1977), viðamikil rit um efnið; „Harmsögu og von: Mannkynssögu samtímans“ (Tragedy and Hope: A History of the World in Our Times). Og „Hin ríkjandi, angló-bandarísku öfl: Frá Rhodes til Cliveden“ (The Anglo-American Establishment: From Rhodes to Cliveden).

Þar benti hann sérstaklega á þátt Cecil John Rhodes (1853-1902) og breska nýlendustjórans, Alfred Milner (1854-1925), í samtvinnun utanríkis- og stríðsstefnu Breta og hagsmuna auðdrottanna – einkum Rauðskjöldunga. Þeir stofnuðu Hringborðsregluna (Round Table), sem mjög kemur við sögu alþjóðlegrar sóknar fjármagnsauðvaldins og áhrifa hennar á ríki heims - og mannkynssöguna yfirleitt. Reglan var stofnuð 1891.

Carroll segir: „Það hafa verið til alþjóðleg samtök (network) um heila kynslóð, sem starfar að vissu marki á þann hátt sem róttækir hægrimenn trúá að eigi við um byltingarmenn (communists). Í raun er það svo, að þessum samtökum, hópum innan vébanda Hringborðsreglunnar, er það síður en svo á móti skapi að eiga samvinnu við byltingarmenn eða aðra hópa- og gerir það iðulega. Mér er kunnugt um þessi samtök, því ég hef grandskoðað þau í tuttugu ár. Mér var leyft að rýna í gögn þeirra og leyniskýrslur í upphafi sjöunda áratugsins,“ sagði Carroll, og heldur svo áfram:

„Þessi samtök starfa einnig í gegnum laustengda „ásjónuhópa.“ Þar á meðal eru „Royal Institute of International Affairs,“ „Institutes of Pacific Relations“ og „Council on Foreign Relations.“

Þar að auki er dregið á önnur leynifélög eins og félagsskap seðlabankastjóra þeirra ríkja, er stofnsettu „Bank of International Settlements“ (eins konar alheimsseðlabanka). Carroll bætir við:

„Fjármagnsauðdrottarnir setja markið hátt, þ.e. að skapa alheimskerfi, þar sem einkaaðiljar sitja að kjötkötlunum og ríkja yfir stjórnámálumönnum sérhvers ríkis og hagkerfi veraldar eins og það leggur sig. Seðlabankarnir skulu hafa kerfið undir samræmdu eftirliti með leynilegum samningum.“

Rit Carroll hafa sýnt sig að vera nægtabrunnur þeirra, sem reyna að gera sér grein fyrir duldu gangi sögunnar eins og: W. Cleon Skousen (The Naked Capitalist), G. Edward Griffin (Capitalist Conspiracy), Pat Robertson (The New World Order), F. William Engdahl (The Gods of Money) og Gary Allen (None Dare Call it Conspiracy).

Bandarísk-breski hagfræðingurinn, Antony Cyril Sutton (1925-2002), hefur sömuleiðis skrifað merkar bækur um efnið, t.d um fjármögnun auðdrottanna á annarri heimstyrjöldinni.

Walther Rathenau (1867-1922), forstjóri „Allgemeiner Electricizitäts-Gesellschaft“ í Vín, og síðar utanríkisráðherra Þýskalands, lét hafa eftir sér, skömmu fyrir andlátið, að „huliðshöndin“ væri í raun ráð þrjú hundruð vitringa. Vist má telja, að hann hafi verið einn þeirra.

Breski leyniþjónustu- og blaðamaðurinn, John Coleman, reynir í bók sinni, „Stigveldi samsærismannanna: Sögu Þriggja hundraða ráðsins,“ að varpa ljósi á ráðgátuna. Hann tiltekur sömu aðilja og Carroll, en bætir m.a. við Reglu Sankti John frá Jórsölum (Jerúsalem), Fabianfélaginu, Svarta aðli Feneyja, Bilderberg hópnum, Trilateral Commission, Frímúrurum og Zíonshreyfingunni (um stofnun Ísraelsríkis í Palestínu) og Rómaklúbbnum. Rómaklúbbinn telur John starfa í skjóli Nató.

Þriggja hundraða ráðið er skipað fulltrúum þessara aðilja: „Þriggja hundraða ráðið beinir sjónum að uppötum víðs vegar um heim. Í kjölfarið fylgja kreppur. Það er leið til að undirbúa fólk fyrir það, sem koma skal. Þetta er grundvallaraðferðin til að skapa hjarðir fólks um allan heim, sem í framtíðinni munu verða viðtakendur velferðargreiðslna.“ Ennfremur:

„Rómaklúbburinn er regnhlífarsamtök samsærismanna, eins konar hjónaband angló-amerískra fjármagnsjöfra og hinna öldnu fjölskyldna svarta aðalsins í Evrópu, sérstaklega svokallaðra hefðarmanna í Lundúnum, Feneyjum og Genúu. Lykillinn að

árangursríkri stjórn þeirra á veröldinni er hæfileikinn til að skapa og stýra grimmdaralegum efnahagsáföllum og jafnvel kreppum.“

Það er fjöldi fyrirmenna af öllum toga í veröldinni, sem lýst hafa nauðsyn alheimsstjórnar, eins og t.d. Woodrow Wilson (1856-1924), Herbert Jones Wells (1866-1946); Albert Einstein (1879-1955); Winston Churchill (1874-1965); George W.H. Bush (1924 – 2018); Walter Cronkite (1916-2009); Hillary Clinton (f. 1947); Gordon Brown (f. 1951); Barack Obama (f. 1961) og Angela Merkel (f. 1954).

James Warburg (1896-1969), sonur fyrsta seðlabankastjóra Bandaríkjanna, Paul Moritz Warburg (1968-1932), sagði: „Alheimsstjórnin mun sjá dagsins ljós, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er einungis spurning um, hvort alheimsstjórnin komist á með samþykki eða með sigurvinningi.“ Þýsk-bandaríska Warburg ættin hafði á að skipa öflugum bankamönnum, sem áttu náð samstarf við Rauðskjöldunga.

David Rockefeller (1915-2017), fyrrum félagi í Rómarklúbbnum og hamfarahlýnunarforsprakki, sagði: „Það er trúá sumra, að við séum hluti leynihreyfingar (capal), sem vinni gegn bestu hagsmunum Bankaríkjanna. Mér og fjölskyldunni er borið á brýn að vera „alþjóðasinnar“ í samsærislagtogi, með öðrum í veröldinni, um að byggja samtvinnaðri veröld með tilliti til efnahags og stjórn mála, ef svo má að orði komast. Sé það ásökunin, er ég sekur og er hreykinn af því.“

Nokkrir forsetar Bandaríkjanna hafa barist harðvítugri baráttu til að verja lýðveldið/lýðræði gegn fjármagnsfautunum. Þar á meðal eru Warren Harding (1865-1923), Abraham Lincoln – eins og áður sagði – og Andrew Jackson (1767-1845). „Ég gekk af bankanum dauðum,“ er grafskrift hans. Átt er við Seðlabankann (Federal Reserve), sem bankadrottnarnir komu síðar í gegnum þingið.

Blaðamaðurinn, Edith Kermit Roosevelt (f. 1927), var ómyrk í máli um hin ríkjandi öfl, sem hún skilgreinir svo: „Hugtakið ríkjandi öfl (establishment) er hugtak almenns eðlis um valdsmannaúrvalið í alþjóðlegum fjármálaheimi, viðskiptum, atvinnulífi og stjórn málum ... sem fer með helstu völd, án tillits til, hver situr í Hvíta húsinu. Flestum er ókunnugt um tilvist þessarar “lögsmætu mafú.“ Hún bætir við:

„Hugmyndafræði hennar er óbrigðul: ... Alheimsjafnaðarmannaríki (socialist) undir stjórn „sérfræðinga“ eins og þeirra sjálfra. Afleiðingar hennar eru stefnumál, sem stuðla að þróun ofurríkis og skrefbundnu framsali fullveldis Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna.“

Bandaríski þingmaðurinn, Larry Macdonald (1935-1983) hitti líklega naglann á höfuðið, þegar hann sagði:

„Rockefellerættin og bandamenn hennar vinna að því að koma á alheimsstjórn, sem sameinar ofurauðvald og öreigabyltingarhyggju (communism) undir sama hatti og undir þeirra stjórn. Á ég við samsæri? Já, það geri ég. Ég er sannfærður um tilvist slíks samsæris, sem unnið hefur verið að kynslóð eftir kynslóð, sem er alþjóðlegt að umfangi og ótrúlega grimmilegt að inntaki.“

Heimildir:

Mike S. King: Proofs of the New World Order.pdf/tomatobubble.com

<https://www.youtube.com/watch?v=mNlpi2QijzQ>

[https://www.bibliotecapleyades.net/archivos\\_pdf/committe-300.pdf](https://www.bibliotecapleyades.net/archivos_pdf/committe-300.pdf)

[http://www.carrollquigley.net/pdf/Tragedy\\_and\\_Hope.pdf](http://www.carrollquigley.net/pdf/Tragedy_and_Hope.pdf)

<https://web.archive.org/web/20101011105824/http://www.resist.com/SecretGovernment-Spiridovich.pdf>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Carroll\\_Quigley](https://en.wikipedia.org/wiki/Carroll_Quigley)

<https://www.britannica.com/topic/Rothschild-family#ref247862>

[https://en.wikipedia.org/wiki/John\\_Robison\\_\(physicist\)](https://en.wikipedia.org/wiki/John_Robison_(physicist))

[https://en.wikipedia.org/wiki/Arthur\\_Cherep-Spiridovich](https://en.wikipedia.org/wiki/Arthur_Cherep-Spiridovich)

[https://en.wikipedia.org/wiki/Adolph\\_Freiherr\\_Knigge](https://en.wikipedia.org/wiki/Adolph_Freiherr_Knigge)

[https://en.wikipedia.org/wiki/Augustin\\_Barruel](https://en.wikipedia.org/wiki/Augustin_Barruel)

<https://www.newadvent.org/cathen/02310a.htm>

<https://www.foreignaffairs.com/world/hard-road-world-order>